

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Lindarbær 1C, L176845.

Deiliskipulagið tekur til tveggja reita, Í1 og Ú1, á um það bil 6 ha svæði úr landi Lindarbæjar 1C, L176845. Á reit Í1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og bílgeymslu allt að 250 m², 2 gestahús allt að 60 m² og vinnustofu allt að 60 m² auk gróðurhúss. Á reit Ú1 verður heimilt að byggja hesthús, vélageymslu og reiðskemmu allt að 1.200 m². Aðkoma er af Bugavegi og um land Lindarbæjar.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. ágúst 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2020